




Hafnarstræti 5 og 7– Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa /hækkun húsa um tvær hæðir

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 16. maí 2024 var lögð fram fyrirspurn Hauks Hafliða Nínusonar, dags. 29. apríl 2024, um hækkun húsanna á lóðunum nr. 5 og 7 við Hafnarstræti um tvær hæðir, samkvæmt tillögu Nordic Office of Architecture, dags. 26. apríl 2024. Einnig eru lögð fram viðbótargögn, dags. 12. júní 2024. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Tillaga af hækkun

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin miðborg.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Kvos, samþykkt í borgarráði 01.10.1987 ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á hækkun húsanna nr. 5 og 7 við Hafnarstræti. Í dag eru bæði húsin kjallari, þrjár hæðir og ris.

Við endurgerð Tryggvagötu fyrir þremur árum síðan, eignuðum við nýtt almenningsrými þar sem mósaíklustaverk Gerðar Helgadóttur fær að njóta sín ásamt nýjum trjám, nýjum bekk og öðrum setusvæðum. Við umbreytingarnar birti mikið yfir götunni, gatan hefur þau sérkenni að vera breið og nær þar af leiðandi að vera afar sólrík. Eftir breytingarnar er miklu meira pláss fyrir fólk og mannlíf.

Við hönnun almenningsrýma er sól mjög mikilvægur þáttur þegar kemur að hönnun þeirra svo þau verði notaleg, aðlaðandi og að rýmin verði virk.

Tillagan sýnir að hækkun húsanna kemur til með að hafa áhrif á nýppgert almenningsrými, hvað varðar aukið skuggvarp. Skuggavarpið er of mikið af hækkuninni og mun rýra gæði almenningsrýmisins. Þar af leiðandi er ekki hægt að fallast á fyrirspurnina.

Niðurstaða

- Ekki er hægt að fallast á breytingu á deiliskipulagi sem miðar að því að hækka húsin sbr. fyrirspurn og umsögn hér að ofan. Umrædd hækkun myndi hafa



verulega neikvæð áhrif á mikilvægt almenningsrými Reykjavíkurborgar í formi skuggavarps.

"Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar. Í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda."

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir

verkefnastjóri og arkitekt